

Samkomulag um fíkniefna- og ofbeldislausa veitingastaði

Forsvarsmenn skemmtistaða í Reykjanesbæ, Lögreglustjórinn á Suðurnesjum og Reykjanesbær, telja mikilvægt að fara nýjar leiðir í vörnum gegn ofbeldi og fíkniefnanotkun í samfélaginu.

Til að koma í veg fyrir að ofbeldi sé beitt eða fíkniefni notuð á skemmtistöðum í Reykjanesbæ sameinast undirritaðir aðilar um eftirfarandi aðgerðir:

1. Veitingamenn skulu tryggja að 1- 2 dyraverðir á viðkomandi stöðum sem hafa hlotið samþykki lögreglunnar, sæki námskeiðið “Ábyrgð öllum í hag” eða sambærilegt námskeið sem varðar grundvallaratriði í dyravörslu á skemmtistöðum. Námskeiðin eru í umsjón Lýðheilsustöðvar eða annars viðurkennds aðila.
Reykjanesbær skal tryggja að námskeið séu haldin á sex mánaða fresti. Námskeiðshaldari gefur út staðfestingu á að viðkomandi hafi sótt námskeið.
2. Veitingamenn skulu tryggja að alltaf séu til staðar dyraverðir af báðum kynjum til að gera eftirlit inni á skemmtistöðunum virkara.
3. Við dyravörslu skulu dyraverðir vera í gulum einkennisvestum.
4. Dyraverðir skulu hafa beint talstöðvarsamband við lögregluna. Lögreglan leggur til talstöðvar til veitingamanna. Lögreglan skal stefna að því að vera komin á staðinn innan 3 mínútna frá útkalli.
5. Veitingamenn eru sammála um að valdi einstaklingur ítrekað ónæði eða gerist brotlegur á skemmtistað sem kallar á afskipti lögreglu og er í framhaldinu hafnað inngöngu af þeim sökum, skal hann ekki hafa aðgang að öðrum skemmtistöðum sem undirritaðir aðilar eru í forsvari fyrir á svæðinu.
6. Reykjanesbær í samvinnu við Lögreglustjóran á Suðurnesjum skal koma upp myndavélum til eftirlits í nágrenni skemmtistaða á Hafnargötu.
7. Veitingamenn, lögregla og Reykjanesbær eru sammála um að takmarka opnunartíma veitingastaða í síðasta lagi til kl. 04:30 að nóttu, þannig að ekki verði hleypt inn á veitingastaðina eftir kl. 04:30 og að gestir hafi yfirgefið veitingastaðina kl. 05:00.
8. Frágangur utan við veitingastaðina, á meðan opið er og eftir lokun er á ábyrgð veitingamanna. Sé frágangi ábótavant getur það varðað ákvörðun um styttingu veitingatíma eða afturköllun á leyfi.
Þessi skilyrðing byggir á 18. gr. Lögreglusamþykktar fyrir Reykjanesbæ og 9. og 10. gr. reglna um leyfi til áfengisveitinga. Þar er heimilt að takmarka opnunartíma ef staðsetning og aðrar aðstæður gefa tilefni til.

Neðangreindir forsvarsmenn veitingastaða, Reykjanesbær ásamt Lögreglustjóranum á Suðurnesjum skuldbinda sig til að vinna saman að því að framfylgja þessu samkomulagi sem tekur gildi 1. júní 2007 og verður endurskoðað að ári.

Reykjanesbæ
25. maí 2007

Reykjanesbær

Veitingahúsið Paddys

Lögreglustjórinn á
Suðurnesjum

Veitingahúsið Trix

Veitingahúsið Ráin

Veitingahúsið H-punkturinn

Veitingahúsið Yello

Veitingahúsið Kaffi Duus

Veitingahúsið Stapi